

Lokaskýrsla 2016-2017

Leikur að læra

Leikskólinn Ásar í Garðabæ

Ábyrgðarmenn: Ásrún Vilbergsdóttir og

Bjarney Björnsdóttir

Verkefnisstjóri: Hulda Hrönn Bartels Jónsdóttir

Markmið

Markmið verkefnisins er að finna einfaldar og faglegar leiðir fyrir kennara til að gefa nemendum sínum tækifæri til að læra í gegnum leiki og hreyfingu. Á þann hátt kynnast nemendur þeirri vellíðan og orku sem hreyfingin gefur og læra að nýta sér það í framtíðinni. Með því að flétta lestri og stærðfræði inn í leikinn og hreyfinguna, eykur það áhuga nemenda á þeim námsgreinum. Mikið er lagt upp úr að efla hljóðkerfisvitund nemenda til að undirbúa þau betur undir lestrarnám. Verkefnið stuðlar enn fremur að því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla.

Leiðir sem farnar voru:

Við fengum einn heilan námskeiðsdag, með nokkrum öðrum skólum, sem eru innlimaðir í þetta verkefni (Leikur að læra), ásamt því að Kristín Jónsdóttir höfundur kom 1 sinni í heimsókn með fræðslu og eftirfylgni og er alltaf tilbúin á hliðarlínunni ef einhverjar spurningar vakna eða aðstoðar er þörf.

Hver barnahópur fékk úthlutaðan 1 klukkutíma á viku í sal leikskólans, ásamt sínum kennara, þar sem auðvelt var að hreyfa sig og útfæra verkefnin. Barnahóparnir voru misfjölmennir, eða frá 5 í hóp (þau yngstu) og upp í 9 í hóp (þau elstu). Tvisvar í viku fóru elstu hóparnir saman inn í sal í blöndun (þ.e. stúlknaður og strákaður frá hvorri einingu fyrir sig) og leystu ýmis skemmtileg verkefni í L&L, en þá voru allt að 18 börn saman í salnum undir handleiðslu tveggja kennara og gekk það ótrúlega vel. Einnig var unnið með verkefnin inni á kjörnum, bæði í hópatíma og í samverustundum.

Útbúin voru 20 foreldraverkefni sem miða markvisst að því að auka við færni bæði í íslenskunni og stærðfræðinni. Yngstu börnin lærðu litina, um dýrin (þ.e. hvað þau heita og hljóðin sem þau gefa frá sér), lærðu stafinn sinn, foreldra sinna og vinkvenna, lærðu að telja og hugtök í stærðfræði (s.s. stærsta og minnsta), um formin og margt fleira. Þau eldri unnu mikið með hljóð og stafi, að þekkja og skrifa nafnið sitt, tölur og tölustafi, fjölda, hugtök í stærðfræði (s.s. meira en og minna en), að leggja saman og draga frá, ásamt ýmsum öðrum verkefnum.

Á haustönninni stóð foreldraverkefnið í 10 vikur, tvisvar í viku, með áherslu á íslensku.

Á vorönninni stóð foreldraverkefnið í 10 vikur, tvisvar í viku, með áherslu á stærðfræði.

Foreldraverkefnið miðaði líka að því að gera foreldra meðvitaða um verkefnið og taka þátt í því að vinna með börnunum. Það gaf líka foreldrum markvissari hugmynd um það sem börnin lærðu í leikskólanum. Verkefnið var hengt upp á vegg í fataklefa að morgni og gerðu foreldrar og barn verkefnið saman við komuna í skólann. Mörg barnanna vildu að þetta væri á hverjum degi, því að það var svo gaman að gera með mömmu/pabba.

Hindranir og frávik

Verkefnið gekk vonum framár og gátum við haldið þeirri tímaáætlun og markmiðum sem sett voru í upphafi.

Mat á verkefninu

„Leikur að læra“ efldi skólastarfið því að þar er markvisst unnið að því að efla hreyfingu og líkamlega færni barna, ásamt því að gera bóknámið líflegra og skemmtilegra. Starfið varð markvissara og

undirbjuggu kennarar sig betur en ella. Kennarar fengu gott tæki til að vinna með börnunum, skólastarfið varð mjög líflegt og gleðin smitaðist inn í allt annað starf, innan skólans sem utan. Börnunum fannst þetta mjög gaman og hlökkuðu alltaf til að fara í salinn og gera foreldra verkefni. Ávinningurinn var því mjög góður og tóku börnin miklum framförum á þessum tíma.

Heildarupphæð styrks: 370.000,-

Laun : 106.300,-

Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla: 193.700,-

Gögn: 70.000,-

Leikur að læra verkefnið gekk mjög vel á síðasta skólaári og ætlum við að taka þriðja veturinn aftur með leikur að læra.

Virðingarfyllst,

Ásrún Vilbergsdóttir